

## SAMÞYKKT

um friðland og útivistarsvæði í Óshólum Eyjafjarðarár, samkvæmt svæðisskipulagi Eyjafjarðar, samþykktu af Skipulagsstjórn ríkisins í september 1990, aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010 samþykktu af Félagsmálaráðuneytinu 30.11.1990 og aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014 samþykktu af umhverfisráðherra 26.03.1997.

### Mörk svæðisins eru þessi:

Að norðan ræður Leiruvegur. Að austan ræður Eyjafjarðarbraut eystri, að vestan ræður Drottningarbraut og Eyjafjarðarbraut vestri. Að sunnan suðuroddi Staðareyjar og lína til vesturs að Eyjafjarðarbraut vestri. Frá suðurodda Staðareyjar til austurs á landamerkjum Þórustaða og Grafar að Eyjafjarðarbraut eystri.

### Að friðuninni standa:

Eyjafjarðarsveit fyrir hönd landeigenda að: Ytri-Varðgjá, Syðri-Varðgjá, Eyrarlandi, Leifsstöðum, Arnarhóli, Knarrarbergi, Kaupangi, Þórustöðum I og II og Hvammi. Flugmálastjórn Íslands, vegna leigulands fyrir Akureyrarflugvöll og Akureyrarbær.

### Akureyrarflugvöllur:

Um land það sem Flugmálastjórn Íslands leigir til afnota fyrir Akureyrarflugvöll gilda reglur Flugmálastjórnar. Aðgangur að athafnasvæði flugvallarins er bannaður, en að öðru leyti er Flugmálastjórn aðili að friðun svæðisins.

### Umferð:

Gamla þjóðveginum nr. 1 um hólmana verður haldið við sem stofn-, göngu- og reiðleið um svæðið. Gerð verða bílastæði við Eyjafjarðarbraut eystri og Eyjafjarðarbraut vestri. Göngu- og reiðleiðir út frá stofnbraut verða síðan lagðar samkvæmt skipulagi svæðisins.

Um friðlandið og útivistarsvæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, enda virði það almennar umgengnisreglur og varist að skerða gróður, trufla að óþörfu dýralíf eða valda skemmdum á jarðmyndunum. Reiðleið er aðeins eftir gamla þjóðvegi 1 og um hólmana og sérstakri reiðleið eftir austurbakka Eyjafjarðarár.
2. Hefðbundnar nýttjar landsins eru leyfilegar, s.s. til heyskapar, beitar og kartöfluræktar.
3. Umferð hverskonar vélknúinna tækja er óheimil á svæðinu. Undantekning er vegna hefðbundinna nytja á landinu og vegna umsýslu og eftirlits. Þá er heimil umferð vélsleða á ís eftir farvegi Eyjafjarðarár.

4. Bannað er að fara með hunda inn á svæðið á tímabilinu 1. maí - 30. júní.
5. Meðferð skotvopna á svæðinu er bönnuð nema með sérstöku leyfi.
6. Mannvirkjagerð og hverskonar annað jarðrask annað en lagfæring göngu- og reiðleiða, er þar óheimilt, þar á meðal efnistaka. Þá er bannað að losa hverskonar úrgang og sorp í friðlandinu. Lagning raflína um svæðið er háð samþykki sveitarstjórna.

Umsjón með svæðinu er í höndum 5 manna nefndar. Tveir eru tilnefndir af Eyjafjarðarsveit f.h. landeigenda í lögsagnarumdæmi Eyjafjarðarsveitar. Tveir eru tilnefndir af Akureyrarbæ og einn af Flugmálastjórn Íslands. Starfstími umsjónarnefndarinnar er milli sveitarstjórnarkosninga. Kostnaður sem leiðir af stofnun og rekstri hins friðlýsta svæðis greiðist að jöfnu af Eyjafjarðarsveit og Akureyrarbæ og í vissum tilfellum ber Flugmálastjórn kostnað. s.s. vegna fækkunar á vargfugli og aðgerða til þess að beina fuglum á austurhluta svæðisins.

**Hlutverk umsjónarnefndarinnar er:** 1. Að leggja tillögur að skipulagi svæðisins fyrir sveitarstjórnirnar og gera árlega tillögur um framkvæmdir sem nauðsynlegar eru taldar. Samráð skal haft við Skógræktarfélag Eyfirðinga um skipulag vegna tengingar milli útivistar- og skógræktarsvæða. 2. Að veita leyfi til takmarkaðra skotveiða og að hafa yfirumsjón með fækkun á vargfugli. 3. Að fylgjast með að hefðbundnar nytjar landsins samræmist friðun og útivist. 4. Að safna saman upplýsingum um náttúrufar svæðisins.

Dags. 5/6 1998

F.h. bæjarstjórnar Akureyrar



F.h. sveitarstjórnar Eyjafjarðarsv.

*Róbert Þórhannsson*  
 Sveitarstjórinn  
 Eyjafjarðarsveit

F.h. Flugmálastjórnar

